

REGLUGERÐ

um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi

1. gr.

Innflutningur annarra vara en hér eru taldar á eftir skal vera frjáls:

Tollskrárn.	Vörutegund
01.01.00—	
01.06.29	Lifandi dýr.
02.01.10—	
02.01.60	Kjöt og ætir hlutar af dýrum, er teljast til nr. 01.01-01.04, nýtt, kælt eða fryst.
02.02.00	Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsnum, kalkúnnum og perluhænum), nýtt, kælt eða fryst.
02.03.00	Lifur úr alifuglum, ný, kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi.
02.04.09	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst, þó ekki hvalkjöt og hvalrengi.
02.05.00	Svínaflita án kjöts og alifuglaflita (óbrædd og ópressuð), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt.
02.06.10—	
02.06.20	Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt.
04.01.00—	
04.07.00	Mjólkurafurðir, fuglaegg, ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a., þó ekki 04.06.00, náttúrulegt hunang.
06.03.00	Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt, í mánuðunum desember til apríl.
07.01.10.	Kartöflur, nýjar.
07.01.20	Tómatar, nýir.
09.01.21	Kaffi, brennt, malað eða ómalað, í smásöluumbúðum 2 kg eða minna.
09.01.30	Kaffilíki, sem inniheldur kaffi.
15.01.00	Hreinsuð svínafeiti, önnur svínafeiti og alifuglafeiti, brædd eða unnin með upplausnarefni.
15.02.00	Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd. Einnig slík feiti brædd eða unnin með upplausnarefni (þar með talin „premier jus“).
15.03.00	Svínafeitissterín (lardstearín), oleosterín (pressutólgl), svínafeitiolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt.
15.13.10—	
15.13.20	Smjörlíki, tilbúin svínafeiti (imitation lard) og önnur tilbúin matarfeiti.
16.01.00	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum eða dýrablóði.
16.02.00	Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar.
x) 17.04.03—	
17.04.09	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í, þó ekki möndlumassi í 5 kg blokkum og stærri.
x) 18.06.04—	
18.06.09.	Súkkulaði og aðrar neysluvörur, sem í er kakaó, ót. a.
x)	Fellur niður 1. apríl 1980.

Tollskrárn.	Vörutegund
Úr 21.07.19	Tilbúinn rjómi, mjólk og mjólkurduft, svo og rjóma- og mjólkurís.
22.04.00	Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli.
27.09.00	Jarðoliur og oliur fengnar út tjörukenndum steinefnum, óhreinsaðar.
27.10.19	Annað bensín en flugvélabensín.
27.10.60	Gasoliur.
27.10.70	Brennsluoliur.
Ökutæki til fólksflutninga eingöngu:	
Úr 87.02.14	Með alhjóladrifi, notuð.
87.02.16	Notuð.
Úr 87.02.19	Önnur, notuð.
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samandið, en ekki fest á haus, með eða án skafts.
Úr 96.01.07	Málningarpenslar (þó ekki listmálunarpenslar).
96.01.03	Burstar og sópar með plastbaki, ót. a.
Úr 96.01.05	
Úr 96.01.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmíþvögur á skafti og skaftþvögur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. ber innflytjendum að gæta ákvæða laga og annarra reglugerða, um bann við innflutningi eða varúðarráðstafanir í sambandi við hann, svo sem vegna smitunarhættu.

2. gr.

Gjaldeyrisleysi þarf fyrir greiðslum til útlanda, öðrum en þeim, sem taldar eru hér á eftir:

1. Opinber ríkisútgjöld, svo sem vextir og afborganir lána, kostnaður við utanríkisþjónustu og greiðslur til alþjóðastofnana.
2. Greiðslur vegna þjónustu Pósts og síma.
3. Erlendur kostnaður gjaldeyrisbankanna.

3. gr.

Umsóknir um gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi fyrir vörum og greiðslum, sem ekki eru frjálsar skv. 1. og 2. gr. hér að framan, skulu sendar viðskiptabönkum þeim, sem rétt hafa til að versla með erlendan gjaldeyri.

Þegar um innflutning frílistavöru gegn gjaldfresti er að ræða, ber innflytjanda, áður en varan er send af stað frá útlöndum, að gera viðskiptabanka, sem rétt hefur til að versla með erlendan gjaldeyri, grein fyrir væntanlegum innflutningi og semja um greiðslufyrirkomulag vörunnar.

4. gr.

Til tollafgreiðslu þeirra vara, sem taldar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar, þarf innflutningsleyfi, en heimilt skal að flytja inn án innflutningsleyfis eftirtaldar vörur, enda þótt þær falli undir eitthvert tollskrárnúmer, sem talið er í 1. gr.:

1. Fatnað og aðrar ferðamannanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti, sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin afnota á ferðalaginu.
2. Vörur, sem sjómenn eða flugmenn flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, ef ekki þarf að greiða toll af þeim.

3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvöld taka gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 4 5. janúar 1977, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytið, 12. desember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í 2. grein laga nr. 108 31. desember 1973, sbr. lög nr. 80 23. júní 1969, verður það fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið, gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt lækni- starfi við heilsugæslustöð fulla 4 mánuði að loknu námi í læknaeild og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Auglýsing nr. 201 22. maí 1978 er hér með úr gildi felld.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. desember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um grandaraspil, öryggisbúnað við línu- og netaspil, öryggi í hringnótas- skipum og radarspegla á opnum bátum.

1. gr.

Grandaraspil.

Skuttogarar skulu búnir grandaraspilum eða öðrum búnaði jafngildum, sem kemur í veg fyrir slyshættu af toghlerum, sem hífðir eru í gálga.